

AUGLÝSING

um staðfestingu samþykktar fyrir Félags- og skólaþjónustu Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu bs.

Ráðuneytið staðfestir hér með meðfylgjandi samþykkt fyrir Félags- og skólaþjónustu Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu bs., sem sveitarfélögin Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur hafa sameinast um að reka.

Byggðasamlagið er stofnað skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og fela aðildarsveitarfélögin byggðasamlaginu skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu fyrir leik- og grunnskóla samkvæmt 40. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, 21. og 23. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum, nr. 584/2010. Einnig fela aðildarsveitarfélögin byggðasamlaginu skipulag og framkvæmd velferðarþjónustu sveitarfélaganna samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum, barnaverndarlögum nr. 80/2002 með síðari breytingum, lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og öðrum lögum, reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmælum sem heyra undir málaflokkinn og samkvæmt nánari ákvæðum samþykktarinnar, erindisbréfs velferðarnefndar og erindisbréfs stjórnar byggðasamlagsins.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. september 2020.

F. h. r.

Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir.

Anna Tryggvadóttir.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKT fyrir byggðasamlag um félags- og skólaþjónustu Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Félagið er byggðasamlag og heitir Félags- og skólaþjónusta Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Það byggir á 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Starfsstöð félagsþjónustunnar er á Hellu, en starfsstöð skólaþjónustunnar á Hvolsvelli. Stjórn byggðasamlagsins getur tekið ákvörðun um annað fyrirkomulag.

2. gr.

Aðild að Félags- og skólaþjónustu Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu bs. eiga sveitarfélögin fimm í þessum tveimur sýslum, þ.e. Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur. Önnur sveitarfélög geta orðið aðilar eftir ákvörðun stjórnar byggðasamlagsins og staðfestingu á aðalfundi.

Aðildarsveitarfélögin bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins en innbyrðis skiptist ábyrgðin í samræmi við eignarhluta hvers sveitarfélags sem miðast við fjölda íbúa, sbr. ákvæði 7. gr. Eignarhluti hvers sveitarfélags er reiknaður með sama hætti.

3. gr.

Hlutverk byggðasamlagsins er að annast samræmda félags- og skólaþjónustu í aðildarsveitarfélögunum, sbr. lög og reglugerðir sem í gildi eru um þá málaflokka hverju sinni.

4. gr.

Undir byggðasamlaginu starfa tvær sjálfstæðar, aðskildar rekstrareiningar (deildir). Félagsmálastjóri sinnir stjórnun og daglegum rekstri félagsþjónustudeildar og forstöðumaður skólaþjónustu sinnir stjórnun og daglegum rekstri skólaþjónustudeildar. Stjórnendur sjá um mannaráðningar að deildunum í samráði við stjórn byggðasamlagsins. Stjórn sér um að ráða félagsmálastjóra og forstöðumann skólaþjónustudeildar.

Félagsþjónusta veitir, fyrir hönd aðildarsveitarfélaganna, félagslega ráðgjöf m.a. vegna atvinnuleysis, veikinda, húsnæðisleysis, fjárhagsvanda, fötlunar, öldrunar, málefna útlendinga, málefna barna og unglínga, fjölskylduvanda og áfengis- og vímuefnavanda. Félagsþjónustan og starfsmenn hennar starfa í umboði félagsmálanefndar þar sem teknar eru ákvarðanir um þá aðstoð sem sótt er um og/eða lögð til af starfsmönnum félagsþjónustunnar. Félagsþjónustan vinnur eftir lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, barnaverndarlögum, nr. 80/2002, lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018 og öðrum lögum, reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmælum sem heyra undir málaflokkinn.

Skólaþjónusta hefur fyrir hönd aðildarsveitarfélaganna yfirumsjón með framkvæmd verkefna sem falla undir verksvið sérfræðiþjónustu skv. reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum, nr. 444/2019 en hún á stoð í 40. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 21.–23. gr. laga um leikskóla, nr. 90/2008. Í þessu felst m.a.:

1. Greiningar og ráðgjöf samkvæmt 40. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 21.–23. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Einnig mat og eftirfylgd skv. sömu lögum og lagagreinum.
2. Að veita nemendum grunnskólanna náms- og starfsráðgjöf, samkvæmt 13. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.
3. Skýrslugerð og upplýsingagjöf til skóla, sveitarstjórna og annarra opinberra aðila.
4. Umsjón með gagna- og upplýsingasafni fyrir skólana.
5. Umsjón með endurmenntun starfsfólks skólanna í formi námskeiðahalds, í samvinnu við skólastjórnendur.
6. Aðstoð við þróunar- og nýbreytnistarf í leik- og grunnskólum á svæðinu.
7. Þátttaka í ART-verkefnum, sem innifelur meðferð fyrir börn með tilfinninga- og hegðunarskánir.

5. gr.

Stjórn byggðasamlagsins skal skipuð fimm aðalmönnum; einum frá hverju aðildarsveitarfélagi, tilnefndum af sveitarfélögunum og jafnmörgum til vara. Skipunartími stjórnarmanna skal vera eitt ár milli aðalfunda. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda.

Hlutverk stjórnar er að hafa yfirumsjón með rekstri byggðasamlagsins. Stjórn skal í samstarfi við stjórnendur deildanna gera tillögur að rekstrar- og fjárhagsáætlunum deildanna sem lagðar eru fyrir sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna. Stjórn er ekki ætlað að fjalla um fagleg málefni deildanna skv. 2., 3. og 4. mgr. 4. gr.

Stjórn byggðasamlagsins er heimilt að gera samning við aðra aðila um framkvæmd einstakra þátta þjónustunnar, m.a. við einkaaðila, enda samrýmist þeir samningar lögum um þjónustuna og sveitarstjórnarlögum og rúmist innan fjárhagsáætlana deilda byggðasamlagsins.

Atkvæði stjórnarmanna skulu vega jafn þungt við afgreiðslu mála í stjórn. Ákvarðanir á stjórnarfundum teljast samþykktar ef einfaldur meirihluti stjórnarmanna samþykkir þær.

Stjórnarfundur byggðasamlagsins er ályktunarhæfur þegar meirihluti kjörinna stjórnarmanna er mættur til fundar. Aðalfundur byggðasamlagsins er ályktunarhæfur hafi löglega verið til hans boðað og meirihluti fulltrúa aðildarsveitarfélaganna miðað við fulltrúafjölda skv. 7. gr. samþykktar þessarar, er mættur.

Stjórn byggðasamlagsins getur ekki skuldbundið aðildarsveitarfélögin umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun byggðasamlagsins, eða í samþykkt þessari. Ákvarðanir um lántöku eða mál er varða útgjöld umfram fjárhagsáætlun byggðasamlagsins þarfnast staðfestingar á aðalfundi, aukafundi eða sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna, eftir atvikum og eðli máls.

6. gr.

Aðalfund byggðasamlagsins skal halda fyrir lok maímánaðar ár hvert og aukafundi eftir þörfum.

7. gr.

Sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna eiga seturétt á aðal- og aukafundum byggðasamlagsins. Einn aðili frá hverri sveitarstjórn fer með atkvæðisrétt hennar á aðal- og aukafundum. Atkvæðisvægi aðildarsveitarfélaganna er miðpungt á slíkum fundum og skal það vera í hlutfalli við íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags 1. desember næstliðins árs. Tilkynnt skal í upphafi fundar hver sveitarstjórnarmanna fari með atkvæðisrétt fyrir hönd hvers sveitarfélags.

8. gr.

Stjórn byggðasamlagsins og hvert aðildarsveitarfélag getur gert tillögur að breytingum á samþykkt þessari. Tillögur um breytingar á samþykktinni skulu berast stjórn byggðasamlagsins í síðasta lagi sjö sólarhringum fyrir aðalfund. Tillöguflytjandi skal jafnframt kynna öllum aðildarsveitarfélögunum tillöguna með sama fyrirvara.

9. gr.

Ákvarðanir aðal- og aukafunda byggðasamlagsins, sem löglega er til boðað, eru bindandi ef einfaldur meirihluti fulltrúa, miðað við atkvæðavægi (sbr. 7. gr.) samþykkir þær, sbr. þó ákvarðanir sem fjallað er um í 11. gr. samþykktar þessarar.

Samþykkt byggðasamlagsins verður aðeins breytt á aðalfundi með samþykki 2/3 hluta atkvæðamagns á fundi.

Verkefni aðalfundar eru:

1. Skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings.
2. Ákvörðun um breytingu á samþykkt byggðasamlagsins, ef tillaga þar um hefur komið fram með löglegum fyrirvara (sbr. 8. gr.).
3. Kynning á tilnefndum stjórnar- og varastjórnarmönnum til næsta aðalfundar.
4. Kosning endurskoðenda.
5. Ákvörðun um laun stjórnar.
6. Önnur mál.

Aðalfund skal boða með dagskrá. Alla fundi, þ.m.t. aðal-, auka- og stjórnarfundi skal boða með tölvupósti með a.m.k. sjö daga fyrirvara. Dagskrá stjórnarfunda skal berast stjórnarmönnum í síðasta lagi tveimur dögum fyrir boðaðan fund. Fundargerðir stjórnar skal senda aðildarsveitarfélögum til kynningar.

10. gr.

Sameiginlegum kostnaði við rekstur Félags- og skólaþjónustu Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu bs. skal jafnað niður á sveitarfélögin í réttu hlutfalli við fjölda íbúa þeirra eins og hann var 1. desember næstliðins árs.

Kostnaður vegna sértækra félagsþjónustu- og barnaverndarmála innheimtist hjá lögheimilisveitarfélagi þess sem um ræðir. Sé fyrirsjáanlegt að einstaka barnaverndarmál leiði af sér umtalsverð fjárútlát ber félagsmálastjóra að halda sveitastjóra viðkomandi lögheimilissveitarfélags upplýstum.

Kostnaður vegna sértækra úrræða við talþjálfun barna sem eru á ábyrgð sveitarfélags, skv. samkomulagi milli velferðarráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsettu í maí 2014, greiðist af lögheimilissveitarfélagi viðkomandi barna.

11. gr.

Til að slíta byggðasamlaginu þarf samþykki a.m.k. 2/3 hluta atkvæða á löglega boðuðum aðal- eða aukafundi. Við slit samlagsins ganga eignir þess og/eða skuldir til eignaraðila í réttum hlutföllum við íbúafjölda þeirra.

12. gr.

Kjósi aðildarsveitarfélag að ganga úr byggðasamlaginu skal það tilkynnt á aðalfundi í maí. Úrsögnin tekur þó ekki gildi fyrir en um næstu áramót eftir að úrsögn er gerð kunn. Innan sex mánaða frá aðalfundi, þar sem úrsögn aðildarsveitarfélags er tilkynnt, skal halda aukafund aðildarsveitarfélaga að byggðasamlaginu. Á þeim fundi skal taka ákvörðun um hvort byggðasamlaginu skuli slitið eða því haldið áfram með breyttri eignaraðild.

13. gr.

Beiðni um endurupptöku máls skal beint til sveitarstjórnar þess aðildarsveitarfélags sem viðkomandi einstaklingur býr í og fer um endurupptöku málsins skv. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

14. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi við staðfestingu félagsmálaráðuneytisins, sbr. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Samþykktin er gerð í fimm samhljóða eintökum, einu fyrir hvert aðildarsveitarfélag.

Vik í Mýrdal, 15. september 2020.